

133. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 8. nóvember 2010, kl. 20:00 á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Bókhöfundustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur leyfi til að rífa húsið við Bókhöfundustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 3.11.2010.
Nefndin leggur til að a) Byggingin verði staðsett innan byggingarreits í deiliskipulagstillögu. b) Að húsið verði mjókkað um einn metra c) Að porti verði sleppt og þakhalli aukinn sem því nemur. d) Að GK verði 24,85 m, í stað 24,40 m. e) Að stærð bílskúrs verði ekki meiri en 25 m² sem er í samræmi við deiliskipulagstillögu.

Hinrik vék af fundi undir lið nr. 1.
2. Ægisgata 13, byggja opið vindskýli við inngang.
Hermann Guðmundsson sækir um að byggja opið vindskýli við inngang í þvottahús sbr. teikningu frá Sigurbjarti Loftssyni 1.11.2010.
Erindi samþykkt.
3. Nesvegur 16, færa til gönguhurð.
Alex Páll Ólafsson, Elín Dóra Sveinbjörnsdóttir og S. Sturluson ehf sækja um dags. 27.10.2010, að færa gönguhurð á suðurhlið hússins, yfir á vestur hlið þess. Samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir.
Erindi samþykkt.
4. Víkurflöt 10, breyta hjalli í vinnuherbergi.
Grétar D. Pálsson Víkurflöt 10 sækir um að breyta hjalli í suðausturhorni bílskúrs í vinnuherbergi sbr. teikningar dags. 27.10.2010.
Erindi samþykkt.

5. Skúlagata 4, ný hurð, sólpallur og aukin bílastæði.
Sævar Harðarson Skúlagötu 4 sækir um að gera hurð á suðurgafli hússins og byggja sólpall að lóðarmörkum Skúlagötu 6. Einnig að stækka bílastæði sbr. tillögur dags. 25.10. 2010.
Erindi samþykkt með fyrirvara á samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Hinrik situr hjá undir lið nr. 5.
6. Neskinn 7, endurnýjun á gluggum og klæða hús.
Agnar Jónssonar sækir um leyfi til að skipta um glugga í húsinu og klæða það að utan með timbur klæðningu, sbr. umsókn dags. 5.11.2010.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
7. Frístundabyggð, deiliskipulag.
Bæjarráð leggur til að skipulagt verði svæði fyrir frístundahús, til almennrar úthlutunar við Arnarborg norðaustan við það svæði sem Skipavík hefur til umráða. Tillögu vísað af bæjarráði til skipulags- og bygginganefndar.
Erindi frestað.
8. Önnur mál.

B.V.